

Sp.

369. Þingsályktun

um framlag úr rikissjóði til verðuppbótar á útflutt kjöt 1934.

(Afgreidd frá Sp. 2. apríl).

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að greiða úr rikissjóði allt að 150000 krónur, er varið sé til að bæta upp verð á útfluttu kjöti af framleiðslu ársins 1934, öðru en ærkjöti, auk þeirrar uppbótar, sem greidd verður á kjötið úr verðjöfnunarsjóði.

Jafnframt er ríkisstjórninni heimilað, til þess að vega á móti þessum gjöldum, að draga þær 50000 kr. af framlagi til Búnaðarbanka Íslands samkvæmt fjárlögum 1935, sem heimilt er að verja til samvinnubyggða á því ári.